



174. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 2. júlí kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 4. lið; Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Skipun í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila sveitarfélagsins
2. Staðsetning gámvallar í sveitarfélaginu
3. Áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn
4. Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil

1. Skipan í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila sveitarfélagsins

Lagt til að skipa þrjá fulltrúa í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila í sveitarfélaginu. Vinnuhópin skipa Heiða Guðmundsdóttir og Arnór Benónýsson, fulltrúar A-lista og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson fulltrúi T-lista.

Samþykkt samhljóða.

2. Staðsetning gámvallar í sveitarfélaginu

Tekin til umræðu staðsetning gámvallar í sveitarfélaginu í kjölfar þróunarsamnings um sorphirðu við Gámaþjónustu Norðurlands. Sveitarstjóra og starfsmönnum sveitarfélagsins falið að kanna möguleika á staðsetningu gámvallar í samræmi við umræður fundarins.

Samþykkt samhljóða.

3. Áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn

Í ljósi fréttáflutnings um boðaða sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) vill sveitarstjórn Þingeyjarsveitar taka undir bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps frá 24. júní s.l. og hvetur Umhverfissráðherra til að horfa frekar til samstarfs/samvinnu/sameiningar Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) og RAMÝ með það að markmiði að efla starfsemi þessara rannsóknastofnanna í héraði.

4. Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 1. júlí s.l. þar sem Magnús Skarphéðinsson sækir um viðbót við fyrra rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga og bæta við einu húsi sem stendur við Kiðagil í Bárðardal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót á rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason